

Fyrirspurn

til félagsmálaráðherra um aðgerðir til að bæta þjónustu við sjúk börn og unglínga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvaða stefnumið ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna, sbr. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá í maí 1999, hafa komið til framkvæmda og hver á eftir að uppfylla á sviði félagsmála,

- a. innan félagsþjónustu sveitarfélaga;
- b. hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, þ.e.
 - að greiða sérstök framlög vegna sérþarfa langveikra barna í grunnskólum;
- c. á sviði vinnuréttar, þ.e.
 - að leggja bann við uppsögnum starfsmanns vegna fjölskylduábyrgðar, og
 - að kveða á um rétt foreldra til foreldraorlofs;
- d. í málefnum barna, þ.e.
 - að efla bráðamóttöku á vegum Barnaverndarstofu, og
 - að stofna samstarfsráð félagsmálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um meðferð vegna vímuefnavanda og hegðunar- og geðraskana barna og unglínga?

Skriflegt svar óskast.